

**Nd.**

**167. Frumvarp til laga**

**[3. mál]**

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. des.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundradshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Gjöld samkv. lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1962 innheimta þannig:

- a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1961, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1962, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzin, en

skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1962, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.

- b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar. Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

#### 4. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1962:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

- a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.  
b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1962.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
—	10 nr. 1—7, korn, ómalað.
—	11 nr. 1—12, mjöl og grjón.
—	17 nr. 1—6, sykur.
—	22 nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 nr. 1—9, tóbak.
—	25 nr. 10, salt.
—	27 nr. 1—4, kol.
—	27 nr. 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar, svo og vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 90 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.  
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.  
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.  
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.  
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

#### 5. gr.

Gilda skulu til ársloka 1962 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.